

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2019

Ágætu bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og aðrir sem hlýða á. Ég heiti Helgi Rafn og kem hér sem fulltrúi Tónlistarskólans á Akranesi.

Það eru þó nokkur mál sem kemur í hugann á mér þegar ég hugsa um Tónlistarskólann á Akranesi. Margt jákvætt og eitthvað sem hægt er að gera betur og bæta. Ef við tökum dæmi þá er húsnæði og aðstaða mjög góð í Tónbergi. Salurinn er frábær og er notaður til ýmissa athafna og eru það ekki alltaf tónflutningur heldur geta verið fyrirlestrar, leikrit og bíósýningar svo dæmi séu nefnd. Fatlaður einstaklingur er í tónlistarskólanum um þessar mundir og vonar tónlistarskólinn að gera meira úr því í þeim efnum. En að vísu er ekki aðstaða til að koma hjólastólum upp á sviðið í salnum og hlýtur það að vera eitthvað sem hægt er að leysa sem fyrst. Allir eiga rétt á því að hafa sömu tækifæri og þarf þess vegna að leysa þetta mál og hefur skólastjóri Tónlistarskólans spurt eftir þessu áður en nú þarf eitthvað að gerast.

Lengi hefur verið talað um biðlistann hjá Tónlistarskólanum og er hann kominn í um og yfir 100 nemendur. Hægt er að leysa þetta með því að fjölga kennurum eða í það minnsta að fjölga stöðugildum. Auðvitað er það fjárhagslegt mál en aðstöðu vantar ekki og er alveg hægt að nýta stofurnar að fullu. Þannig að þá er í rauninni bara fjárhagur til kennslu en ekki til aðstöðu. Það er þó jákvætt að sjá hve margir vilja læra á hljóðfæri og syngja á Akranesi og er aðsóknin gríðarleg. Með því að fjölga stöðugildum þá er einnig hægt að horfa til fjölbreyttara náms og gera tónlistarnám á Akranesi enn meira aðlagandi fyrir íbúa Akraness.

Þá vil ég fara yfir forvarnargildi tónlistarnáms. Oft er talað um að skipulagt íþróttastarf sé gott forvarnargildi gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Mér finnst

Það alveg jafn mikið eiga við um tónlistarnám. Það hefur líka sýnt sig að við það að iðka og hlusta á tónlist þá er verið að virkja margar stöðvar í heilanum og er því góð heilaleikfimi. Tónlistarminni er einnig eitt af því síðasta sem hverfur úr heilanum t.d. hjá heilabiluðu fólki. Þó flestir krakkar geti fundið einhverja íprótt til að æfa þá er það staðreynd að mjög margir detta út á unglingsárunum kannski aðallega þegar ípróttin fer að taka meiri tíma og vera meira afreksmiðuð. Tónlistarnám er t.d. eitthvað sem þú getur samnýtt sem nám og tómstundargaman. T.d. að búa til hljómsveitir með alls konar hljóðfæraleikum.

Við viljum þó hrósa Akraneskaupstað fyrir frábært starf í tónlistarnámi á Akranesi og er björt framtíð í tónlist hér í fjölbreyttum tegundum tónlistar.

En að öðru tengdu tónlist. Mikilvægt er að hljómsveitir eigi sér stað á Akranesi. Við í þungarokkshljómsveitinni Skullcrusher eins og einhverjir kannast kannski við fengum aðstöðu snemma í sumar í kjallara gamla Landsbanka húsnæðisins og erum við mjög ánægðir að hafa fengið þetta tækifæri að vera þarna. En það er hægt að gera meira úr þessum með því að bjóða fleiri hljómsveitum aðstöðu því auðvitað eiga allar hljómsveitir í sama bæjarfélagi að fá sömu tækifæri. Tónlistarskólinn sjálfur er lokaður fyrir kennslu á sumrin og væri þess vegna hægt að bjóða þeim sem langar að stunda tónlist í hljómsveit eða öðru slíku, hvort sem aðstaðan verður í Tónlistarskólanum sjálfum eða annars staðar. En ef þessir hlutir eiga að rætast þá þarf bæði að auglýsa þá og það verður að vera til húsnæði. Í Reykjavík er þetta í boði en auðvitað er einhver kostnaður í því en þá er hægt að hafa húsnæði og allir sem eru í húsnæðinu fá aðgang að sal til að hald tónleika.

Að lokum er eitt lítið atriði sem ég vildi koma á framfæri. Ég vil benda á sparkvöllinn við Grundaskóla sem er oft í notkun á kvöldin og eru ljósin oft slökkt í

kringum 20:00 og er þess vegna ekki hægt að spila. Við vitum að þetta er til að yngri börn séu ekki of lengi úti á kvöldin. En þegar við sem eldri erum ætlum í fótbolta eftir kvöldmat eins og þá er ekkert hægt að fara. Ég og vinir mínir notuðum einu sinni kastara að heiman til að geta farið í fótbolta. Ég vil þess vegna óska þess að ljósin verði í gangi til a.m.k. 22.00 á kvöldin. Ég er ekki að biðja um mikið með þessu þannig að ég geri ráð fyrir að ekki verði mikið mála að breyta þessu.